

17. gr.

77

Deildin lánar fé gegn sjálfskuldarábyrgð, sem stjórn bankans telur full- 7. maí
nægjandi.

18. gr.

Lán gegn fasteign og handveði eru veitt til þess tíma, og með þeim árgreiðslu-
kjörum er stjórn bankans ákveður. Lán gegn sjálfskuldarábyrgð eru eigi veitt til
lengri tíma en eins árs í senn.

19. gr.

Stjórn bankans ákveður vöxtu af innlögum og útlánsfé í samráði við landbún-
aðarráðherra. Vaxtabreytingar allar skulu jafnan auglýstar í Lögbirtingablaði.

20. gr.

Um samning og birting ársreiknings sparisjóðsdeildar fer eftir ákvæðum 58.
gr. í lögum um Búnaðarbanka Íslands 7. nóv. 1941.

Fyrirmæli þessi eru hér með sett samkvæmt lögum um Búnaðarbanka Íslands
nr. 115 7. nóv. 1941, og öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi fyrirmæli um sparisjóðs- og rekstrarlánadeild Bún-
aðarbanka Íslands frá 30. apríl 1930.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. maí 1945.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

78

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð fyrir
verkfræðideild Háskóla Íslands.

2. ágúst

Samkvæmt tillögu ráðuneytisins hefur forseti Íslands í dag staðfest eftirfarandi
reglugerð fyrir verkfræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Verkfræðideild Háskóla Íslands veitir kennslu:

1. Í vísindalegum undirstöðuatriðum verkfræðinnar.
2. Í höfuðgreinum verkfræðinnar, eftir því, sem ákveðið er á hverjum tíma.

Skilyrði til inntöku í deildina er stúdentspróf úr stærðfræðideild íslensks
menntaskóla eða sambærilegt próf.

Deildin getur sett skilyrði um lágmarkseinkunnir í einstökum greinum eða
greinafloknum.

2. gr.

Námið skiptist í fyrra hluta og síðara hluta. Í fyrra hluta námsins eru aðal-
lega kennd vísindaleg undirstöðuatriði verkfræðinnar. Í síðari hluta námsins eru
kenndar höfuðgreinar verkfræðinnar.

Fyrri hluti námsins miðast við 3 kennsluár og próf í lok hvers kennsluárs.
Verklegt próf í landmælingu fer þó að jafnaði fram í byrjun 3. kennsluárs.

Áður en stúdent segir sig til prófs skal hann leggja fram vottorð um, að hann
hafi lokið tilskildum æfingum á fullnægjandi hátt, samkvæmt nánari ákvæðum
deildarinnar.

78
2. ágúst

Síðari hluti námsins miðast við $2\frac{1}{2}$ kennsluár. Próf fara fram í tvennu lagi. Skilyrði til þess að ganga undir próf við síðari hluta eru, að stúdentinn hafi lokið fyrra hluta prófi í verkfræði við Háskóla Íslands eða samsvarandi prófi við aðra háskóla og hafi skilað tilsettum æfingaverkefnum frá síðara hluta námsins.

3. gr.

Próf geta verið munnleg, skrifleg eða verkleg. Við gjöf einkunna má taka tillit til úrlausna æfingaverkefna, sem stúdentinn hefur leyst af hendi við námið, samkvæmt reglum, sem deildin setur.

Prófverkefni skulu vera í samræmi við kennslutilhögun og prófreglugerð deildarinnar.

4. gr.

Við gjöf einkunna skal nota talnaröð I í eftirfarandi töflu og hlýtur stúdent í hvert sinn þá einkunn, er næst liggur meðaltali einkunna kennara og prófdómara.

Sé ein fullnaðareinkunn veitt fyrir úrlausnir frá fleiru en einu ársprófi skal hún ákveðin þannig, að samsvarandi stigatala við hana sé sú tala úr talnaröð II, er næst liggur meðaltali stiga frá ársprófunum.

Um teikningar í rúmmyndafræði, húsagerð og landmælingu dæma kennarar þessara námsgreina ásamt teiknikennara og prófdómurum.

Einkunnir og stigagildi þeirra.

I	II
6	8
$5\frac{2}{3}$	$7\frac{2}{3}$
$5\frac{1}{3}$	$7\frac{1}{3}$
5	7
$4\frac{2}{3}$	$6\frac{1}{3}$
$4\frac{1}{3}$	$5\frac{2}{3}$
4	5
$3\frac{2}{3}$	$3\frac{2}{3}$
$3\frac{1}{3}$	$2\frac{1}{3}$
3	1
$2\frac{2}{3}$	÷ $1\frac{2}{3}$
$2\frac{1}{3}$	÷ $4\frac{1}{3}$
2	÷ 7
$1\frac{2}{3}$	÷ $12\frac{1}{3}$
$1\frac{1}{3}$	÷ $17\frac{2}{3}$
1	÷ 23

5. gr.

Við próf eru gerðar þessar kröfur um einkunnir:

- I. Til þess að standast fyrra hluta próf verður stúdentinn að hafa hlotið eigi minna en 5 stig að meðaltali í öllu prófinu, eigi minna en 4 stig að meðaltali í hverjum prófflokki og eigi minna en 5 stig að meðaltali í námsgreinum 1., 2. og 3. prófflokks, sbr. 8. gr.
- II. Til þess að standast síðara hluta próf verður stúdentinn að hafa hlotið eigi minna en 5 stig að meðaltali í öllu prófinu og eigi minna en 4 stig að meðaltali í námsgreinaflokki II. og III. (sjá 12. gr.).

Aðaleinkunn 5.00—5.99 telst 2. einkunn, 6.00—7.49 telst 1. einkunn og ágætiseinkunn 7.50 eða meira.

6. gr.

78

2. ágúst

Í fyrra hluta námsins segir stúdentinn sig til prófs í árshlutum prófflokka eða heilum prófflokkum (sjá 8. gr.), enda hafi hann þá lokið, eða ljúki samtímis, prófi í fyrri árshlutum prófflokkanna. Í fyrsta sinn skal hann þó ganga undir próf í greinum I. og II. prófflokks.

Í síðara hluta námsins segir stúdent sig til prófs samkvæmt ákvæðum 11. gr.

Heimilt er að endurtaka fyrra og síðara hluta próf að nokkru eða öllu leyti. Þó verður að endurtaka heilan prófflokk eða þá hluta hans, sem eiga saman samkvæmt 8. gr. eða 12. gr. Við endurtekningu prófa er eigi skylt að endurtaka verkleg viðfangsefni eða æfingar, sem metnar eru til prófseinkunnar, eða verkleg viðfangsefni í sérgrein.

Fyrra hluta prófi skal stúdent hafa lokið eigi síðar en 4 árum eftir að hann er skráður í deildina og síðara hluta prófi eigi síðar en 4½ ári frá því hann lauk fyrra hluta prófi, nema sérstakar ástæður mæli með undanþágu að dómi deildarinnar.

7. gr.

Til fyrra hluta prófs eru kenndar þessar greinar:

Stærðfræði, aflfræði, burðarþolsfræði, rúmmyndafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, teiknun, landmæling og húsagerð.

Tilhögun kennslunnar í hverri grein ákveður háskólaráð eftir tillögum deildarinnar.

8. gr.

Námsgreinum er skipt í 4 prófflokka. Fjöldi einkunna og niðurröðun prófa er eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Námshgrein	Flokkur	Árspróf			Einkunnir samtals
		1.	2.	3.	
Stærðfræði	I	2	— 1	— 1	4
Aflfræði	I		1	— 1	2
Burðarþolsfræði	I			1	1
Rúmmyndafræði	II	1	— 1		2
Eðlisfræði	II	1	— 1	— 1	3
Efnafræði	II	1	(1)		1
Jarðfræði	II	(1)	1		1
Teiknun: Prófteikn. og tekn. teikn. 1 eink., húsa-gerð, geometr. teikn. og landmæl. teikn. 1 eink.	III			2	2
Landmæling munnleg 1 eink., mæling og kortagerð 1 eink., hallamæling 2×½ einkunn	IV			3	3
Húsagerð	IV			1	1
				Samtals	20

9. gr.

Stúdentar þá, sem ekki ætla að stunda framhaldsnám í byggingaverkfræði, getur deildin undanþegið þátttöku í einstökum námshgreinum.

10. gr.

Að loknu fyrra hluta prófi hefst nám í síðara hluta byggingaverkfræði.

Markmið kennslunnar er að gera stúdentinn hæfan til þess að leysa þau verkfræðileg viðfangsefni, er biða hans að afloknu námi. Kennslan miðast við það, að stúdentinn að afloknu hirtfararprófi öðlist rétt til þess að nefna sig verkfræðing samkvæmt íslenskum lögum. Námið skal samræmt íslenskum staðháttum eftir því, sem við verður komið.

Til síðara hluta prófs er krafizt kunnáttu í þessum greinum:

78 A. Aðalnámsgreinar: Burðarþolsfræði, járnþent steypa, mannvirki úr jární, hafnarmannvirki og grundun mannvirkja, vatnsorkuver, veituverkfræði. Í einni af þessum námsgreinum skal stúdentinn leysa af hendi verkfræðilegt prófviðfangsefni.

B. Aukanámsgreinar: Vega- og gatnagerð, efnisfræði, véla- og framleiðslutækni, rafmagnstækni, áætlanir og skipulagning framkvæmda.

Kennsla fer fram við háskólann í greinum þessum eftir því, sem við verður komið og er tilhögun kennslunnar ákveðin af deildinni og háð samþykki háskólaráðs að svo miklu leyti, sem ekki er nánara ákveðið í reglugerð þessari.

11. gr.

Síðara hluta próf er tekið í tvennu lagi:

1. Miðpróf og
2. aðalpróf.

Miðpróf skal að jafnaði tekið í lok þriðja misseris síðara hluta, en eigi síðar en hálfu ári eftir aðalpróf.

Deildin ákveður hvaða greinar stúdent getur valið sem sérgrein.

Fjöldi einkunna og niðurröðun prófa er eins og eftirfarandi tafla sýnir:

	Miðpróf			Fullnaðarpróf			Einkunnir alls
	skrifl.	munnl.	verkl.	s.	m.	v.	
Veituverkfræði		1	½				1½
Vega- og gatnagerð		½	½				1
Efnisfræði		1					1
Véla- og framleiðslutækni		1					1
Rafmagnsverkfræði		1					1
Burðarþolsfræði				1	1		2
Mannvirki úr jární						1	1
Járnþent steypa				1	½+½	1	3
Hafnarmannv. grundun mannv.				1	½+½	1	3
Vatnsorkuver					1	½	1½
Áætlun og skipulagn. framkv....					½	½	1
Úrlausn í sérgrein							2

Samtals 19

Til þess að geta innritast til miðprófs skal stúdentinn hafa lokið á fullnægjandi hátt og skilað eftirtöldum fjölda verkefna: Vega- og gatnagerð 3, veituverkfræði 2, mannvirki úr jární 3, járnþent steypa 2, hafnarmannvirki 3.

Til þess að geta innritast til aðalprófs skal enn fremur skila eftirtöldum fjölda verkefna: Mannvirki úr jární 1, járnþent steypa 3, hafnarmannvirki og grundun mannvirkja 1, orkuver 2, skipulagning 1.

12. gr.

Prófin skiptast í flokka eins og hér segir:

- I. Munnleg próf í miðprófinu, að undanskildum öllum prófum í námsgrein þeirri, sem er sérgrein stúdentsins.
- II. Öll próf í námsgrein þeirri, sem er sérgrein stúdentsins.
- III. Skrifleg og munnleg próf við aðalpróf, að undanskildum öllum prófum í námsgrein þeirri, sem er sérgrein stúdentsins.

13. gr.

Fyrst um sinn geta orðið takmarkanir á framkvæmd reglugerðar þessarar, að því er snertir námsgreinarnar vatnsorkuver og áætlanir og skipulagning fram-

kvæmda, er ekki verða teknar sem prófgreinar, fyrr en deildin ákveður að svo skuli verða. 78

2. ágúst

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 15. september 1945 fyrir stúdenta þá, er skráðir verða í deildina haustið 1945 eða síðar. Fyrra hluta próf verður háð að fullu í fyrsta skipti samkvæmt reglugerð þessari vorið 1948, miðpróf í janúar 1950 og aðalpróf í janúar 1951.

Stúdentar þeir, sem skráðir hafa verið í deildina haustið 1944 eða fyrr, eiga kost á kennslu og kost á að taka próf samkvæmt fyrirætlunum, er deildin setur í samræmi við reglugerð þessa, að svo miklu leyti, er samrýmast má kennslutilhögun þeirri, er verið hefur við deildina.

Þetta tilkynnist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 2. ágúst 1945.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

BRÁÐABIRGÐALÖG

79

20. ágúst

um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að með því að í lögum nr. 42 1943, um dýrtíðarráðstafanir sé ákveðið, að meðan ófriðarástandið haldist skuli verð á landbúnaðarvörum ákveðið í samræmi við vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða, en lagaákvæði þetta sé nú úr gildi fallið við lok styrjaldarinnar og beri því fyrir 15. september n. k. að ákveða að nýju verð landbúnaðarafurða, sé nauðsynlegt að koma nú þegar nýrri skipan á þessi mál. Jafnframt þyki rétt til þess að tryggja fyllsta samræmi í verðlagi landbúnaðarafurða að breyta gildandi lögum á þann veg, að einn aðili ákveði útsöluverð mjólkur, kjöts og garðávaxta í stað þeirra þriggja nefnda, sem nú ákveða verðið.

Með því, að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því, að verðlagningu landbúnaðarafurða sé nú þegar skipað með lögum, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar til eins árs í senn nefnd 25 manna, er nefnist „Búnaðarráð“. Nefndin skal skipuð bændum eða mönnum, sem á einn eða annan hátt starfa í þágu landbúnaðarins. Heimilt er að tilnefna jafnmarga varamenn. Ráðherra tilnefnir formann ráðsins og kallar hann það saman til fundar í síðasta lagi 5. september ár hvert. Það er borgaraleg skylda að taka sæti í búnaðarráði og mæta á fundum þess, nema lögleg forföll hamli.

2. gr.

Fundir búnaðarráðs eru því aðeins lögmatir, að allir nefndarmenn eða varamenn þeirra séu mættir. Nú stendur svo á, að hvorki aðalmaður né varamaður geta mætt á fundi og skipar þá ráðherra mann í þeirra stað, meðan á forföllum stendur.